

Kjalnesingar bjóða heim helgina 29. og 30. júní.

Undanfarin ár hafa íbúasamtök Kjalarness staðið fyrir fjölskylduhátíð á Kjalarnesdegi. Með liðsinni fêlaga og stofnana á Kjalarnesi er nú boðið upp á viðamikla dagskrá síðustu helgina í júní.

Í Fólkvangi er framtakssömu fólki boðið upp á aðstöðu til að koma framleiðsluvörum sínum og öðrum söluvörningi á framfæri. Enn eru hægt að koma að borðum. Kvenfélagið Esja starfrækir kaffihús í Fólkvangi og ekki er þá eingöngu verið að horfa til Kjalnesinga heldur einnig að ná til þeirrar fjölmörgu sem fara um Kjalarnesið á hverjum degi.

Laugardagurinn 29. júní er dagur fjölskyldunnar með áherslu á leiki, útivist, handverksmarkað, kaffihús, fjórhjóla- og bátsferðir, UMFK leikarnir og fjölmargt fleira. Dagskráin hefst með skrudgöngu frá „Róló“ að Útistofu þar sem hugmynd um banalund verður kynnt. Þaðan er haldið að Fólkvangi þar sem öndvegissúlur verða afhjúpaðar en að því loknu hefjast hinir árvissu UMFK leikar þar sem íbúar skipast í flokka eftir litum og takast á um farandbikarinn. Meðan fjölskyldur nýta sér markaðinn í Fólkvangi og gæða sér á ljúffengum veitingum kvenfélagsins Esju verður teymt undir börnum, farið á sjóinn með björgunarsveitinni eða í fjórhjólátúr. Umhverfisverðlaun hverfisráðs Kjalarness verða veitt og að því loknu er farið upp að Arnarhamri og gróðursettar plöntur við „Gömlu póstleiðina“ en þessi gróðursetning er táknrænt upphaf Græna trefilsins í Esjunni. Sundlaugin verður með lengri opnun og deginum líkur með sameiginlegu grilli og kvöldvökustemmingu og verðlaunaafhendingu í hverfinu þar sem Bjóssi Greifi mæti með gítarinn sinn.

Sunnudagur 30. júní er dagur fjölbreyttrar menningar sem hefst með gróðursetningu við gömlu þjóðleiðina í Esjunni milli Kerhóla og Söðlagerðis og er það framhald af verkefninu við Arnarhamar. Síðan verðu gengið til helgistundar að Esjubergi sem hefst kl. 14 nálægt þeim stað sem fyrsta kirkja á Íslandi var byggð.

Í Fólkvangi býður Brautarholtssókn í kirkjukaffi kl. 15 - 17 en þar sér sögufélagið Steini um tvo fyrirlestra. Aðalstein Ásberg Sigurðsson segir frá kynnum sínum af menningu og bókmenntum á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum í fyrirlestri sem hann nefnir „Málamiðlun á Eyjaslóð“. Þá segir Sr. Gunnþór Ingason í stuttu erindi frá heilögum Kolumkilla en kirkjan á Esjubergi var helguð Guði og Kolumkilla.

Vegna Kjalarnesdaga

Golfklúbbur Brautarholts er með sérstakt tilboð vegna Kjalarnesdaga býður 2 fyrir 1 og þá hringinn á kr. 5.500 fyrir 2 spilara.

Opið föstudag rástímar til kl. 21 og laugardag og sunnudag kl. 9 til 15.

Skráning á gbr@gbr.is eða www.golf.is fyrir þá sem eru með forgjöf.

Kjörið tækifæri til að kynnast þessum velli sem er einn skemmtilagasti völlur landsins og mjög krefjandi.

Klébergslaug er með lengdan opnunartíma og laugardag og sunnudag verður opið frá kl. 10:00 til 22:00

Óskalist, Búagrund verður opin á sunnudaginn kl. 14 til 16

Nuddstofa Guðlaugar, Helgugrund 8 er opin föstudag kl. 12 til 16 og laugardag kl. 10 til 16. Skráning s: 867 9940

Nánari upplýsingar um dagsskrá verða á www.kjalarnes.is.